



Áveitan

12. tbl. 19. árgangur. Desember 2025

Verið velkomin á

skötuveisla



UMF ÞJÓTANDA

SKÖTUVEISLA ÞJÓTANDA VERÐUR AÐ SJÁLFSÖGÐU Á
SÍNUM STAÐ Á ÞORLÁKSMESSU. VEISLAN VERÐUR Í
PINGBORG MILLI KL 12 OG 13 OG BOÐIÐ VERÐUR UPP Á
SKÖTU OG MEÐLÆTI ÁSAMT SALTFISKI FYRIR ÞÁ SEM
KJÓSA HELDUR. KAFFI OG KONFEKT INNIFALIÐ Í VERÐI.

AÐGANGSEYRIR ER SANNGJARN EINS OG ALLTAF:

FULLORÐNIR 4000 KRÓNUR

BÖRN 6-12 ÁRA 500 KRÓNUR

YNGRI BÖRN FÁ FRÍTT.

SKÖTUVEISLAN ER EIN HELSTA FJÁRÖFLUNARSAMKOMA
UNGMENNAFÉLAGSINS OG ERU FJÖLMARGIR SEM LEGGJA
HÖND Á PLÓG MEÐ SJÁLFBODAVINNU EÐA
HRAEFNISGJÖFUM ÞENNAN DAG.

SJÁUMST SEM ALLRA FLEST!

ÞORLÁKSMESSA

MILLI KL 12-13

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra í desember

Kæru sveitungar og lesendur Áveittunnar

Desember er genginn í garð og stutt í að við kveðjum árið og horfum á ný og spennandi tækifæri á nýju ári. Aðventan er tími eftirvæntingar, ljóss og samveru.



Það er ávallt mikið um að vera í desembermánuði. Markaðir, tónleikar, heimsóknir og fjölbreyttir viðburðir setja gjarnan mark sitt á samfélagið.

Hjá sveitarfélaginu er desember ákveðinn varða í starfsemi sveitarfélagsins en þá er tekin fyrir og samþykkt ítarleg fjárhagsáætlun komandi árs og næstu þriggja ára þar á eftir. Sveitarstjórn tekur fjárhagsáætlum 2026-2029 til síðari umræðu á fundi sínum þann 2. desember. Þá munu liggja fyrir þær forsendur sem unnið skal eftir varðandi álagningu á fasteignir, gjaldskrár, þætti er varða daglegan rekstur sveitarfélagsins, fjárfestingar, viðhald og framkvæmdir komandi árs. Við erum spennt að kynna fjárhagsáætlun fyrir íbúum enda lá nokkuð ljóst fyrir í fyrri umræðu að svigrúm er til að lækka enn frekar álögur á fasteignir í sveitarfélaginu sem mun koma íbúum og atvinnurekendum til

góða og verða enn frekari hvatning til uppbyggingar á fjölbreyttu íbúðar- og atvinnuhúsnæði í okkar öflugum samfélagi.

Þessu erum við að ná fram þrátt fyrir miklar framkvæmdir undanfarið og með metnaðarfulla fjárfestingaráætlun komandi ára sem snerta innviði sveitarfélagsins svo sem vatnsveitu, skóla, nýja íbúðarbyggð og viðhald og framkvæmdir í fasteignum sveitarfélagsins.

Menningarnefnd Flóahrepps, í samstarfi við Berglindi Björk Guðnadóttur, hefur staðið í ströngu við að undirbúa árlega **Aðventuhátíð Flóahrepps** sem nú verður haldin í þriðja skipti fimmtudaginn 4. desember kl. 18:30. Hátíðin verður haldin í Félagslundi að þessu sinni.

Á hátíðinni verða mörg fjölbreytt atriði og mun Halldór Bjarnason í Syðri-Gróf sjá um að kynna inn gesti kvöldsins. Skólabörn frá leikskólanum Krakkaborg og Flóaskóla munu færa okkur sannan jólaanda með söng og dansi, tónlistarnemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga koma fram ásamt kirkjukór Hraungerðis- og Villingaholtskirkju. Einnig mun hljómsveitin Dirrindí flytja nokkur jólalög. Hinn sívinsæli kakóbar verður á sínum stað og er kakó, kaffi og smákökur innifalið í miðaverðinu. Einnig verður í boði myndataka með jólasveininum.

Ég vil hvetja áhugasama til að tryggja sér miða sem fyrst enda ekki ólíklegt að það seljist upp á hátíðina í forsölu. Miðaverði er stillt í hóf þannig að sem allra flestir sjái sér fært að koma og njóta með okkur, Við lofum góðri samverustund sem mun koma öllum í sannkallað jólaskeið. Forsala miða er á heimasíðu Flóahrepps: [Aðventuhátíð Flóahrepps 2025](#)

Árið hefur liðið hratt og margt gott hefur áunnist í störfum sveitarfélagsins. Öflugt skólastarf sem við erum stolt af, aukið starf fyrir eldri íbúa, framkvæmdir og uppbygging í þágu íbúa svo eitthvað sé nefnt. Stöðugt er reynt að bæta grunnþjónustu við íbúa og unnið í að efla og styrkja samráð og samvinnu við íbúa og fjölbreytt félagasamtök. Góður árangur og góð búsetuskilyrði í Flóahreppi er afrakstur samstillts átaks starfsfólks sveitarfélagsins, kjörinna fulltrúa og ekki síst íbúa sem vinna með okkur í átt að settu marki en jákvætt samstarf hefur verið einkennandi á árinu.

Sveitarstjórn fundar 2. og 16. desember og eru fundirnir sendir út í beinu streymi fyrir áhugasama.

Á aðventunni skulum við staldra við. Hugsa um fólkið í kringum okkur og hlúa að öllum þeim sem á aðstoð og styrk þurfa að halda. Munum eftir mikilvæga framlínustarfsfólkinu, sjálfbærliðum og öllum þeim sem leggja sitt af mörkum alla daga til að gera lífið okkar sem öruggast.

Að lokum vil ég þakka ykkur öllum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óska ykkur gleði, friðar og hlýju yfir hátíðarnar. Megi nýtt ár færa okkur áframhaldandi samheldni og bjarta tíma.

*Með kærri jólakveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*



Jólaball og félagsvist

Kvenfélögin í Flóahreppi halda sitt árlega jólaball í Félagslundi 30. desember nk. Húsið opnar kl 13:30 og dansinn hefst kl 14:00. Jón Bjarnason sér um tónlistina og jólasveinar mæta og gleðja börnin.

Sameiginlegt kaffisamsæti í lokin.

Frítt inn í boði kvenfélaganna, en fólk er beðið að hafa með sér meðlæti á kaffiborðið.



Um kvöldið kl 20:00 hefst svo spilakvöld kvenfélaganna. Spilað verður heilt kort af félagsvist. Aðgangseyrir er 1000 kr og fólk er beðið að taka með sér spilastokk og skriffæri.

Kæru sveitungar og gestir! Hittumst sem flest á ballinu og spilakvöldinu. Kærar kveðjur til ykkar allra og megi jólahátíðin færa ykkur gleði og góða daga.

Kvenfélögin í Flóahreppi

AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS Í FÉLAGSLUNDI

FJÖLBREYTT OG SPENNANDI DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

HÚSIÐ OPNAÐ
KL.18 DAGSKRÁ
HEFST 18:30

KAKÓBAR
SMÁKÖKUR
KAFFI

4
DESEMBER

MIÐASALA ER HAFIN Á FLÓAHREPPUR.IS

FORSALA 2500 / VIÐ INNGANG 3500

UNGMENNI 13-17 ÁRA

FORSALA 1000 / VIÐ INNGANG 1500

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI



FLÓAHREPPUR



AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS

4.DESEMBER 2025 Í

FÉLAGSLUNDI

HÁTÍÐARGESTIR KVÖLDSINS

HALLDÓR BJARNASON KYNNIR

SKÓLABÖRN Í

KRAKKABORG OG FLÓASKÓLA

SÖNGUR OG DANSATRÍÐI

TÓNLISTARNEMENDUR

TÓNLISTARSKÓLA ÁRNESINGA

KIRKJUKÓRAR

HRAUNGERÐIS-OG VILLINGAHOLTSKIRKJU

HLJÓMSVEITIN DIRRINDÍ ROKKAR INN JÓLASKAPIÐ

MYNDATAKA MEÐ JÓLASVEININUM

KAKÓBAR, KAFFI, SMÁKÖKUR OG KRUÐERÝ

INNIFALIÐ Í MIÐAVERÐI

MIÐAPANTANIR Á FLÓAHREPPUR.IS

FINNDU OKKUR Á


INSTAGRAM: MENNINGIFLOA

FB: TÓNAHÁTÍÐ / FJÖR Í FLÓA



FLÓAHREPPUR





Jólahittingur 60 +

Kaffihittingur verður í Þjósárveri, miðvikudaginn 17. desember n.k milli kl 16 og 18. Húsið opnar kl 15:30.

Kvenfélag Hraungerðishrepps býður upp á
aðventukaffi

Hafdís Gígja Björnsdóttir í Uppsölum og Ásta Björg
Jónsdóttir í Lyngholti syngja nokkur lög.

Skemmtun sem enginn 60 + íbúi eða brottfluttur má
láta fram hjá sér fara.

Sjáumst í jólaskapi

Nefndin



Aðventu Kaffihús

Foreldrafélagið býður uppá kaffihúsastemningu núna næsta sunnudag. Foreldrar og forráðamenn eru hvött til að koma með börnin í notalega gæðastund sem við erum að halda á aðventuni. Þar geta ungir sem aldnir steikt sér vöffur og fengið sér heitt að drekka.

Ömmur og afar eru velkomin og auðvitað yngri sem eldri systkini.

Boðið verður upp á:

Kaffi, kakó, vöffur,
allskonar spil
piparkökuskreitingar,
notalegheit og fl.

Hvar og hvenær:

Næðri hæð Flóaskóla.
Heimilisfræði stofan og
nágrenni. Sunnudaginn
7. desember frá kl 15-17

Gaulverjabæjarkirkja

Jóladagur 25. desember 2025

Hátíðarguðspjónusta kl. 14.00

Kirkjukórinn syngur

Organisti Pétur Núi Stefánsson

Prestur Guðbjörg Arnardóttir

Sóknarnefndin

Kæru sveitungar nær og fjær!

Búið er að setja spennubreytinn góða í samband í Hraungerðis-kirkjugarði þannig að nú geta þeir sem vilja sett upp leiðiskrossa hjá látnum ástvinum.

Það er góður og fallegur siður að tendra ljós á leiði ástvinar á aðventu.

Óskað er eftir að greitt sé fyrir lýsinguna, 2.500 kr. pr. kross. Vinsamlegast millifærið inn á reikning kirkjugarðsins; 0152-15-010802 kt; 550289-2539. Vinsamlegast sendið kvittun fyrir greiðslu til gjaldkera sóknarnefndar, hafsteina@hotmail.com.

Sóknarnefnd Hraungerðiskirkju



Fréttir úr Flóaskóla

Nóvembermánuður leið hratt við leik og störf í skólanum og nú tókum við á móti aðventunni með tilhlökkun. Í desember undirbúum við okkur fyrir jólahátíðina með uppbroti á nokkrum vel völdum skóladögum.



Mánudaginn 10. nóvember héldum við uppskeruhátíð lestrarsprettisins sem allur skólinn tók þátt í. Þá voru sett upp kvikmyndahús í sjö kennslustofum, þar sem nemendur gátu farið á mynd að eigin vali. Þennan sama dag voru vinaleikar þar sem vinabekkir sinntu fjölbreyttum verkefnum saman.

Íslensku menntaverðlaunin 2025 voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 4. nóvember 2025. Eins og áður hefur komið fram var Örvar íþróttakennari tilnefndur til verðlaunanna í flokknum framúrskarandi kennari og hlaut síðan viðurkenninguna Framúrskarandi kennari 2025. Við erum afar stolt af þessum verðlaunum og þeirri viðurkenningu sem þau fela í sér fyrir íþróttakennsluna okkar og þann einstaka árangur sem nemendur okkar sína ár eftir ár í skólahreystinni. Það er mikil gæfa fyrir lítinn sveitaskóla að hafa í sínum röðum kennara eins og Örvar.

Þriðjudaginn 18. nóvember fengum við til okkar góðan gest, dr Erlu Björnsdóttur, sálfræðing og framkvæmdastjóra Betri svefn. Hún var með fræðslu fyrir nemendur elsta stigs á skólatíma, fyrir kennara á fundartíma þeirra og foreldra / forráðamenn allra nemenda skólans kl 20:00 um kvöldið. Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar gefa sterkar vísbendingar um að svefnvenjur nemenda í 6.-10. bekk séu að versna, mikill munur er milli ára 2024 og 2025. Því töldum við ærna ástæðu til að fá fræðslu til allra um þetta efni. Foreldrafélag skólans greiddi fyrir foreldrafræðsluna og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Smíðjurnar okkar á elsta stigi í nóvember voru mjög metnaðarfullar og glæsilegar. Við áttum því láni að fagna að fá Háskólalestina til

okkar fimmtudaginn 20. nóvember. Háskólalestin býður upp á fjölbreyttar kennslustundir í grunnskólum. Einnig spennandi og lifandi Opið vísindahús með undrum vísindanna fyrir allt heima-fólk. Áhöfn Háskóla Íslands skipar fræðafólk og framhalds-nemar við Háskóla Íslands, öll með mikla reynslu í miðlun og kennslu. Jafnframt hafa vísindamenn frá rannsóknasetrum HÍ lagt sitt af mörkum til fræðslunnar.

Í boði voru fjölbreytt námskeið og smiðjur fyrir grunnskóla-nemendur sem og kennarasmiðjur fyrir kennara. Kennt var í Flóa-skóla.

Seinni smiðju-daginn 21. nóvember fóru allir nemendur elsta stigs í menningarferð til Reykjavíkur þar sem blandað var saman fróðleik og skemmtun.

Nemendur í 8.

bekk fóru á Þjóðminjasafnið, í Norrænahúsið og í Borgarleikhúsið.

9. bekkingar fóru á Hönnunarsafnið og í Landhelgisgæsluna. 10.

bekkingar fóru í Tækniskólann og á Alþingi.

Deginum lauk á Selfossi,

fyrst fóru krakkarnir á Sviðið þar sem þau borðuðu og rappararnir Issi og BigJoe skemmtu þeim. Klukkan 20:00 tóku félagsmiðstöðvarnar við keflinu og fóru með krakkana á ball í Hvítahúsinu.





Nemendur á miðstigi fóru í smiðjur í Flúðaskóla á fimmtudaginn 20. nóvember. Þar kynntust þeir ýmsum nýjungum í leik og starfi ásamt því að styrkja tengslin við jafnaldra sína í uppsveita skólum.

Nemendur á yngsta stigi fóru í sína árlegu vasaljósferð í Skóg-ræktina í Kolsholti. Þar fengu nemendur góðar móttökur, boðið var upp á kakó og smákökur, hellirinn skoðaður, síðan var leikið í skóginum og fylgst með sólarupprásinni. Þökkum við heimilisfólki í Kolsholti 1 og Jaðarkoti kærlega fyrir okkur.

Kórarstarfið í Flóaskóla gengur vel og er ánægju-legt hversu góð þátt-takan er, en alls eru 50 nemendur á yngsta og miðstigi sem hafa valið að syngja í kór. Yngri barnakórinn kom fram í messu í Hraungerði þann 9. nóvember og söng 3 lög, þar af eitt með kirkjukórnum. Báðir kórarnir munu svo koma fram á Aðventuhátíð Flóahrepps 4. desember næstkomandi.



19. desember er síðasti skóladagur fyrir jólaleyfi. Skólastarf hefst svo aftur mánudaginn 5. janúar.

Með ósk um ánægjulega aðventu og gleðileg jól
Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Hraungerðiskirkja

Hátíðarguðþjónusta í Hraungerðiskirkju
annan dag jóla, 26. desember nk. kl 11:00.

Kirkjukórinn syngur,
kantor Pétur Núi Stefánsson
Prestur, sr Anna Eiríksdóttir

*Gleðileg jól og
farsætt komandi ár*

MEÐ KÆRRI ÞÖKK FYRIR GOTT
SAMSTARF OG SAMSKIPTI Á ÁRINU
SEM ER AÐ LÍÐA



FLÓAHREPPUR

Fréttir frá Krakkaborg



Skólaárið 2025–2026 hefur farið vel af stað hjá okkur og margt skemmtilegt hefur verið brallað á haustönninni. Önnin hefur verið full af gleði, úti-veru og ferðalögum um sveitina. Útskriftar-nemendur skella sér tvisvar sinnum í mánuði í rútuferð, ýmist í Flóaskóla eða í Skagás. Á báðum stöðum vinna nemendur verkefni sem undirbúa þá fyrir næsta skólastig, læra nýjar reglur og kynnast nýjum vinum – eða endurvekja gömul kynni.

Nú nýverið fór hópurinn og nældi sér í lítið jólatré. Það krafðist mikillar seiglu að saga tréð niður með handsög, en nemendur létu ekkert stoppa sig og komu í leikskólann með hið glæsilegasta tré sem mun skarta ljósaseriu úti á Engi hjá okkur.

Í nóvember bættum við heldur betur við aðstöðuna úti á Engi. Við stækkuðum Bambahúsið okkar og erum nú komin með fleiri gróðurbala og svæði inni í húsinu þar sem við getum sett upp kolla og borð. Aðstaðan er með besta móti og gerir okkur kleift að auðga útikennsluna enn frekar, vinna verkefni við ólíkar aðstæður og skapa ný tækifæri til leiks og samveru.

Desember er að ganga í garð og hafa allir nemendur hússins verið að fönðra leyniböggla. Við erum farin að huga að öðru föndri með tilheyrandi lími í bolum, glimmeri í andliti og heimatilbúnum strípum í jólalit í hárinu. Við reynum þó að halda aðventunni í ró-legheitum og njóta samverunnar með jólasöngvum og notalegheitum. Talandi um aðventuna má ekki gleyma að minnast á að elstu nemendur Krakkaborgar taka að sjálfsögðu þátt í aðventutónleikum Flóahrepps og í ár taka þeir þátt með yngri barnakór Flóaskóla.

Nemendur og starfsmenn Krakkaborgar óska öllum gleðilegra jóla og vona að aðventan fari mjúkum höndum um alla. Fyrir hönd Krakkaborgar,
Sara Guðjónsdóttir



Frá Villingaholtskirkju

**Hátíðarmessa verður í Villingaholtskirkju á jóladag,
25. desember kl. 11.00.**

Hátíðarsöngvar sr Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr.
Guðbjörg Arnardóttir, Pétur Nói Stefánsson kantor,
kirkjukórinn syngur.

Kveikt var á leiðislýsingu föstudaginn 28. nóvember. Það er
fallegur siður að tendra ljós á leiði ástvinar á þessum tíma.
Við óskum eftir að fólk greiði fyrir leiðislýsinguna, til að fá
upp í rafmagns- og viðhaldskostnað, kr 2.500 á hvern kross,
bankareikningur er 0152-15-381326, kt: 510489-1799.

Á næsta ári er fyrirhugað að fara í miklar framkvæmdir á
kirkjunni. Gólfíð er orðið mjög lúið og þarfnast mjög
nauðsynlega endurnýjunar. Í skoðun er að endurnýja líka
rafmagn ef fæst til þess styrkur. Við erum í samstarfi við
Minjastofnun þar sem kirkjan er friðuð. Þetta verk verður
mjög dýrt og umfangsmikið og hefur verið sótt um þónokkra
styrki til framkvæmdanna, þar sem við eigum ekki nándar
nærri næga peninga. Nú þegar hefur fengist styrkur frá
Jöfnunarsjóði sókna, umsókn liggur inni hjá Minjastofnun og
fleiri aðilum. Ef okkur tekst að afla fjárins þá verður farið í
framkvæmdir strax eftir hvítasunnu og því mun kirkjan verða
lokuð að minnsta kosti allt sumarið.

Eigið gleðilega aðventu,
munið að njóta góðra stunda með ykkar besta fólki.
Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Sólveig Þórðardóttir
formaður sóknarnefndar Villingaholtskirkju

Þorrablót í Þingborg *2026*

Laugardaginn 7. febrúar

Takið daginn frá

NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur



VIÐ BJÓÐUM UPP Á LAUGARDAGSOPNUN Á GÁMASVÆÐI 6. DESEMBER



6. desember



Kl. 12:00-16:00

MIKILVÆGT AÐ MUNA EFTIR
KLIPPIKORTUNUM

Fréttatilkynning frá Jólasveinum

Við bræðurnir verðum á ferð um Flóahrepp eins og alltaf á Þorláksmessu og aðfangadag.

Við ákváðum að semja aftur við okkar fyrri almannatengsla-fulltrúa, hana Guðmundu Bríet frá Hrygg.

Hún ætlar að taka við pöntunum fyrir okkur og veita nánari upplýsingar um fyrirkomulag.

Síminn hjá henni er 787 2806

Pantið heimsókn í síðasta lagi 20. desember

Guðmunda Bríet verður svo á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg, mánudaginn 22. desember milli klukkan 15:30 og 17:00 og tekur við greiðslu og sendingum til kátra krakka.

Verðið er 1.500 kr á hverja heimsókn.

Jólakveðja, Jólasveinarnir





Í tilefni af 10 ára afmæli Umf Þjótanda á dögnum stóð félagið fyrir Ritunarsamkeppni. Þátttaka var góð og voru þrjú verk valin sem þóttu fanga vel einkunnarorð keppninnar.

Höfundar þeirra verka eru:

Arnar Alex Reynisson, Árgerði

Ísold Marselía Bergþórsdóttir, Lækjarbakka

Lilja Reynisdóttir, Hurðarbaki.

Þessir krakkar fá glaðning frá Umf Þjótanda í jólagjöf.

Umf Þjótandi þakkar kærlega fyrir góða þátttöku.

Samfélagið mitt

Flóahreppur er mitt samfélag. Þar er gott að búa. Þegar ég flutti þá gaf það mér bestu vini mína, frábæran skóla, besta samfélagið og íþróttafélagið Þjótanda.

*Flóinn er sveitin mín,
er hún líka þín?
Þar er best að búa,
því mun ég alltaf trúa.*

*Náttúrann hér frábær,
og allt hér í kring.
Þótt ég stend fjær,
þá sé ég fjallahring.*

Ísold Marselía Bergþórsdóttir

11 ára

SJÚKRABÍLL Á FLÓAMÓTI

Hæ ég heiti Erla ég er 10 ára í 5. bekk í Flóaskóla það er geggjað og ég hlakka svo til af því að bráðum er Flóamótið. Og í ár meiga foreldrar keppa í spretthlaupi ó og svo má líka koma á hestbaki í skólann. Íííííííííííí ég hlakka svo til að keppa og fara á hestbak og fá andlitsmálningu og ís og bara allt, en get ekki skrifað meira í dag þarf að fara að sofa, mót á miðvikudaginn bæ.

Hæ kominn aftur ég er að hjálpa pabba að setja hnakk á hestinn minn hann Regnboga og svo leggjum við af stað í Lyngholt og þaðan í skólann. ERLA kallaði Brynja besta vinkona mín með hestinn sinn hana Línu. Og við lögðum af stað. Vá mér var illt í tanni þegar ég fór af baki.

Þegar ég kom í skólann fékk ég mér andlitsmálningu eins og hundur og Brynja eins og gæs svo byrjaði mótið. Við byrjuðum í langstökki svo kúlu svo spretthlaup svo hringhlaup og ég bætti mig í því öllu. Og svo er það sem allir biðu eftir, fullorðinshlaupið. Mamma og pabbi gerðu sig tilbúin. Takið ykkur stöðu, viðbúin af stað. Hlaupið byrjaði áfram áfram, mamma Brynju var að vinna en hvað var þetta? æ nei hún missteig sig og
aaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaa vá þetta var alvarlegt. Brynja hljóp frá mér inn á brautina til mömmu sinnar. Það var hringt á sjúkrabíl og stuttu seinna þá víú víú víú víú sjúkrabíll kominn á svæðið. Mamma Brynju, Brynja, pabbi Brynju og Dagur bróðir hennar fóru í sjúkrabílinn.

Vá ég er ekki enn búin að jafna mig á slysinu í gær en ég er að gera mig tilbúna því við erum að fara upp á sjúkrahús að heimsækja mömmu Brynju. Þegar við komum á Slysó fórum við til mömmu Brynju, mamma og pabbi spjölluðu við mömmu hennar. Vá er í lagi með mömmu þína spurði ég já já sagði Brynja hún er bara tognuð í ökkla hún kemur heim í dag en hún þarf að vera á hækjum. Jæja vonandi jafnar hún sig fljótt sagði ég svo fór ég heim.

Úff mér er létt að heyra að mamma Brynju er í lagi en jæja slysin gerast. En sjáumst á næsta ári á Flóamótinu svo sjáumst bæ. 😊

Lilja Reynisdóttir
10 ára

Bergur litli

Einu sinni var strákur sem heitir Bergur. Hann var að æfa fótbolta. Hann Bergur var alltaf leiðinlegur við liðsfélaga sína og gekk aldrei vel á æfingum. Bergur var að fara keppa eftir tvo daga og það voru bara tvær æfingar eftir og svo þegar hann vaknaði var mamma hans að tala við hann. Hún var að reyna að segja honum að hann þurfi að sýna virðingu við hina krakkana ef þeir gera mistök. Allir læra af mistökum og þá gengur allt betur. Eftir þetta samtal fór hann á æfingu og gekk allt miklu betur. Núna var komið að mótinu og mamma hans sagði aftur að vera góður við alla krakkana sem voru með honum í liði. Þegar þau voru komin var fyrsti leikurinn alveg að byrja. Hann var búinn að keppa alla leikina nema einn og það var úrslitaleikurinn á móti Val. Þegar það var kominn hálfleikur þá var staðan 2-1 fyrir ÍR og þegar það voru tvær mínútur eftir var staðan 2-2. Svo fékk Bergur boltann og hann hljóp upp hægri kantinn svo kottaði hann inn og tók bara skotið. Boltinn sveif í loftinu og fór beint í samskeytin og ÍR unnu mótið. Þetta sýnir að samvinna og virðing skiptir öllu máli.

Arnar Alex Reynisson

11 ára

Dagskrá mánaðarins:

Fundur Sveitarstjórnar	2. des
Aðventuhátíð Flóahrepps	4. des
Þjótandaæfingar yngri	5. des
Laugardagsopnun á Gámasvæði	6. des
Aðventukaffihús Foreldrafélags Flóaskóla	7. des
Þjótandaæfingar mið og eldri	10. des
Þjótandaæfing yngri	12. des
Fundur Sveitarstjórnar	16. des
Þjótandaæfingar mið og eldri	17. des
Jólahittingur 60 + í Þjórsárveri	17. des
Panta Jólasveinaheimsókn	20. des
Jólapakkamóttaka í Þingborg	22. des
Skötuveisla Umf Þjótanda	23. des
Jólasveinar á ferð um Flóann	23. og 24. des
Hátíðarguðþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	25. des
Hátíðarguðþjónusta í Villingaholtskirkju	25. des
Hátíðarguðþjónusta í Hraungerðiskirkju	26. des
Jólaball Kvenfélaga í Flóahreppi	30. des
Þorrablót Flóahrepps	7. feb

Áveitan sendir lesendum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári, með þökk fyrir árið sem er að líða.

